

Almennir skilmálar & skilyrði

1. Gildissvið

Þessir skilmálar og skilyrði eru bindandi fyrir alla gesti sem heimsækja Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni (ÚSÚ).

2. Hegðun og framkoma

Allir hópar sem dvelja á ÚSÚ verða að vera með að minnsta kosti einn ábyrgðaraðila (18 ára eða eldri) á staðnum. Skátar sem heimsækja Úlfjótuvatn skulu fara eftir skátalögnum. Allir gestir verða að fara eftir reglum og tilmælum ÚSÚ, sem og íslenskum lögum og reglugerðum sem við eiga. Fari gestur/hópur ekki eftir framangreindu getur ÚSÚ stöðvað þjónustu og/eða vísað gesti/hópi af svæðinu. Í slíkum tilfellum áskilur ÚSÚ sér rétt til að halda eftir greiðslum, hvort sem búið var að veita einstaka þjónustuliði eða ekki.

Gestir bera ábyrgð á þeim búnaði, gistirýmum og annarri aðstöðu sem þeir nota á meðan á dvöl þeirra stendur, þar á meðal að þrifa gistirými og aðra aðstöðu í lok dvalar. Í tilfellum þar sem gistirými, aðstaða eða búnaður verður fyrir skemmdum og/eða er ekki þrífinn vel fyrir brottför, getur ÚSÚ innheimt gjald fyrir kostnaði við lagfæringar og/eða þrif.

3. Verð

Öll verð eru auglýst á heimasíðu ÚSÚ (www.ulfjotsvatn.is) og innihalda VSK. Verðskrá fyrir hvert ár er birt um haust árið áður. Öll tilboð sem eru gefin áður en verðskráin er birt, eru byggð á eldri verðskrá og verða uppfærð þegar ný verðskrá hefur verið birt.

4. Staðfestingargjald & bókunarstaðfesting

Til að staðfesta bókun hjá ÚSÚ þarf að greiða staðfestingargjald. Það gjald skal greiddast á eindaga til að staðfesta bókunina. Bankagjöld vegna millifærslu eru greidd af gestum.

Bókanir í gegnum þriðja aðila fara að auki eftir reglum þeirra.

Þegar bókun hefur verið staðfest er hægt að bóka máltíðir, dagskrá, búnað og rútur með þjónustubókunareyðublaði frá ÚSÚ.

5. Afbókanir

Gestir skulu tilkynna ÚSÚ strax skriflega um breytingar á bókunum.

Ef um er að ræða fækkun gesta, náttu/daga eða þátttakenda í ferðum/dagskrá, eða afbókun (að hluta eða öllu leiti), gildir eftirfarandi um endurgreiðslur:

- **Frá bókunarstaðfestingu þar til 2 mánuðum fyrir komu:** Full endurgreiðsla, að frádregnu staðfestingargjaldi.
- **Frá 2 mánuðum fyrir komu þar til 2 vikum fyrir komu:** 50% endurgreiðsla af heildarupphæð. (Hafi hópurinn ekki þegar greitt a.m.k. 50% af heildarupphæð gefur ÚSÚ út reikning fyrir mismuninum.)
- **Frá 2 vikum fyrir komu þar til dvöl lýkur:** Engin endurgreiðsla. (Hafi hópurinn ekki þegar greitt heildarupphæð bókunar gefur ÚSÚ út reikning fyrir mismuninum.)

Í tilfellum þar sem um fækkun gesta, náttu/daga eða þátttakenda í ferðum/dagskrá er að ræða, gilda endurgreiðsluákvæði einungis um þá hluta bókunarinnar. Sé um aðkeypta þjónustu frá þriðja aðila að ræða, svo sem ferðir eða dagskrá, gilda afbókunarskilmálar viðkomandi aðila.

6. Greiðslur

Gjaldmiðill viðskipta er íslensk króna (ISK). Reikningar til innlendra gesta eru á rafrænu formi og greiðast í heimabanka en reikningar til erlendra gesta greiðast með millifærslu. Sé um millifærslu milli landa að ræða greiða gestir allan tilfallandi kostnað.

Fyrir erlenda hópa:

Til að staðfesta bókun:

- Ef meira en 3 mánuðir í komu: 20% innborgun á gistiliði (leiga á skálum eða gisting á tjaldsvæði).
- Ef minna en 3 mánuðir í komu: Greiða heildarupphæð reiknings.

Heildarupphæð reiknings skal greidd ekki síðar en 3 mánuðum fyrir komu.

Fyrir íslenska hópa:

Til að staðfesta bókun:

- 20% innborgun á gistiliði (leiga á skálum eða gisting á tjaldsvæði).

Heildarupphæð reiknings skal greidd ekki síðar en 2 vikum fyrir komu.

- Skólabúðahópar fá sendan reikning eftir að dvöl lýkur.

7. Inn- og útritunartímar

Sumar (júní, júlí, ágúst):

- Innritun er frá kl. 14:00. Kvöldinnritun (eftir kl. 18:00) þarf að tilkynna við bókun, svo hægt sé að tryggja að starfsmaður sé á staðnum til að taka á móti hópnum. ÚSÚ getur innheimt aukagjald fyrir kvöldinnritun.
- Útritun er kl. 10:00 úr skálum/innigistingu og 13:00 af tjaldsvæði.

Aðrir árstímar:

- Eftir samkomulagi.

8. Máltíðir og mataræði

Matmálstímar máltíða sem ÚSÚ sér um eru fastir. Hópar þurfa að taka tillit til þess á komu- og brottfarardögum og tilkynna þarf seinkun einstakra máltíða fyrirfram til ÚSÚ. Þar sem þjónusta utan fastra matmálstíma er takmörkuð er ekki víst að hægt sé að verða við óskum um máltíðir á öðrum tímum.

Matmálstímar eru: Morgunmatur 08.30, hádegismatur 12.00, síðdegiskaffi 15.30, kvöldmatur 18.30.

Tekið er tillit til ofnæma og óska um mataræði eftir bestu getu.

Upplýsingar um fæðuofnæmi og óskir um ákveðið mataræði, svo sem glútenlaust, laktósalaust eða vegan skulu berast ÚSÚ eigi síðar en 14 dögum fyrir komu. Hafi upplýsingum ekki verið komið skilmerkilega til ÚSÚ á réttum tíma getur ÚSÚ ekki ábyrgt að hægt sé að verða við óskum eða þörfum. Í sérstökum tilfellum geta ofnæmi og mataræðisóskir haft áhrif á kostnað vegna máltíða.

9. Tryggingar og ábyrgð

Allt tjón sem verður vegna gesta, meðlima hópa eða gesta þeirra skal greiðast að fullu af viðkomandi gestum/hópi, þar með talið tilefnislaus útköll viðbragðsaðila og virkjun brunaboða án lögmætrar ástæðu.

ÚSÚ tekur ekki ábyrgð á týndum eða skemmdum persónulegum búnaði á meðan á dvöl stendur. ÚSÚ greiðir ekki bætur fyrir tjón eða slys nema sýnt sé fram á að það verði vegna vanrækslu eða viljaverks að hálfu ÚSÚ. ÚSÚ er ekki ábyrgt fyrir tjóni sem verður vegna gjörða eða vanrækslu starfsfólks sem fer út fyrir ábyrgðasvið sitt, þriðja aðila, annarra gesta, ófyrirséðra ytri atvika eins og t.d. náttúruhamfara eða opinberra reglna.

Fari foringi/fararstjóri/hópstjóri og/eða meðlimur hóps ekki eftir leiðbeiningum ÚSÚ og starfsfólks ÚSÚ fellur ábyrgð ÚSÚ niður.

ÚSÚ á í samstarfi við aðra þjónustuaðila um framkvæmd á einstökum verkum, ferðum, dagskrá og þjónustu. Í þeim tilfellum flyst ábyrgð á framkvæmd yfir til viðkomandi þjónustuaðila, og ber ÚSÚ ekki ábyrgð á aðgerðum eða vanrækslu viðkomandi þjónustuaðila beri svo undir.

Gestir eru að öðru leiti ábyrgir fyrir eigin ábyrgðar-, sjúkdóma- og slysatryggingum.

10. Notkun upplýsinga og mynda

Persónuupplýsingar sem gefnar eru upp í bókunarferli eru vistaðar af ÚSÚ og sendar Bandalagi íslenskra skáta (BÍS) sem gefur út reikninga fyrir ÚSÚ. ÚSÚ áskilur sér rétt til að nýta þær upplýsingar og nota við bókunir hjá öðrum þjónustuaðilum (þriðja aðila), kynningar, tölfræði og endurgjöf viðskiptavina. Við slíka notkun er farið með upplýsingar sem trúnaðarmál og verða þær ekki áframseldar eða gefnar óviðkomandi þriðja aðila. Nánari upplýsingar er að finna í [persónuverndarstefnu BÍS](#).

Það er á ábyrgð þess foringja/fulltrúa hóps sem bókar dvöl/þjónustu að útvega samþykki foreldra gesta/þátttakenda sem eru undir 18 ára aldri þar sem það á við.

11. Gildandi lög og lögsagnarumdæmi

Hvers kyns lagaleg mál sem kunna upp að koma á meðan á dvöl á ÚSÚ stendur skulu meðhöndluð samkvæmt íslenskum lögum, burtséð frá þjóðerni hlutaðeigandi aðila. Komi til málaferla eru þau rekin fyrir íslenskum dómstólum.

Viðaukar

Reglur og stefnur ÚSÚ

Öllum gestum á athafna- og yfirráðasvæði ÚSÚ er skylt að fara eftir reglum og stefnum sem hér á eftir fara. Gestir sem fara ekki eftir reglum og stefnum ÚSÚ, og/eða íslenskum lögum, geta átt von á brottvísun af svæðinu og fá ekki endurgreitt. Öll lögbrot eru tilkynnt til lögreglu.

1. Húsreglur

1. Kyrrð er frá 23:30 til 07:00.
2. Reykingar eru bannaðar í öllum byggingum og á sameiginlegum svæðum.
3. Fylgja skal öllum eldvarnarreglum. Ekki má kveikja elda á jörðinni eða niðri við jörð. Ekki má grafa skurði.
4. Flugeldar eru bannaðir á athafna- og yfirráðasvæði ÚSÚ.
5. Aðgangur gesta takmarkast við þjónustumiðstöð, sturtu- og snyrtihús á tjaldsvæðinu, auk þeirra bygginga sem viðkomandi gestir hafa á leigu. Gestum er ekki heimill aðgangur að starfsmannahúsum, eldhúsi, verkstæði, geymslusvæðum eða byggingum sem viðkomandi gestir hafa ekki á leigu.
6. Gæludýr eru ekki leyfð innanþyra nema um það sé sérstaklega samið fyrirfram. Gæludýr á tjaldsvæðinu skulu vera í taumi.
7. Hvers kyns atvinnustarfsemi, þar með talin sala á vörum óskyldra aðila, á athafna- og yfirráðasvæði ÚSÚ er einungis heimil með skriflegu samþykki stjórnenda ÚSÚ.
8. Hvers kyns þjófnaður, þar með talið á fánum og öðrum skátaminjagripum, er ekki leyfður á ÚSÚ og er álitinn glæpur samkvæmt íslenskum lögum.

2. Áfengis- og vímuefnastefna

Í samræmi við íslensk lög leyfir ÚSÚ ekki neyslu áfengis fyrir einstaklinga yngri en 20 ára. Ölvun er ekki leyfð á svæðinu og öll notkun áfengis er bönnuð í byggingum og á sameiginlegum svæðum. Notkun eða varsla hvers kyns ólöglegra vímuefna er stranglega bönnuð samkvæmt íslenskum lögum og því ekki leyfð í nokkurri mynd á athafna- og yfirráðasvæði ÚSÚ.

3. Eineltis- og ofbeldisstefna

ÚSÚ leggur allt kapp á að ungmenni, gestir, sjálfboðaliðar og starfsfólk njóti öryggis á meðan það dvelur á ÚSÚ eða tekur þátt í dagskrá, viðburðum og ferðum á þess vegum. Er þar meðal annars átt við öryggi gegn líkamlegs eða andlegs ofbeldis, áverkum eða misnotkun, vanrækslu eða gáleysislegri meðferð, illri meðferð eða mansali. ÚSÚ styður ekki áreitni að neinu tagi eða mismunun byggða á kynþætti, kyni, trú eða uppruna. Samkvæmt íslenskum lögum verður einstaklingur fullorðinn 18 ára. Kynferðislegar athafnir fullorðinna með börnum yngri en 16 ára eru bannaðar með lögum. Tilkynna skal stjórnendum ÚSÚ og/eða lögreglu samstundis um brot á ofangreindu.

ÚSÚ fer eftir Barnaverndarstefnu Æskulýðsvettvangsins og fær starfsfólk þjálfun þar að lútandi.

4. Samskipta- og siðareglur

ÚSÚ fer eftir samskipta- og siðareglum Æskulýðsvettvangsins og skulu gestir gera það sama.

Sjá nánar: <https://www.aev.is/verkfaerakistan/sidareglur>

Þar að auki skulu allir skátar sem heimsækja ÚSÚ fara eftir Skátalögnum.